

Fréttatilkynning / *Press release* 16.09.2021

[English version below](#)

***Kominn tími til* er yfirskrift Sequences X**


Listamenn hátíðarinnar kynntir

„*Kominn tími til*“ er yfirskrift tíundu Sequences hátíðarinnar sem haldin verður dagana 15.-24. október næstkomandi. Vísar yfirskrift hátíðarinnar í það samfélagsrými augnabliksins sem hátíðin skapar sér hverju sinni. Yfir 35 listamenn taka þátt.



Myndlistarkonan Ásta Fanney Sigurðardóttir frumsýnir kvikmyndina *Munnhola, obol ombra houp-là* (a series of performances) á opnunardegi Sequences 15. október í Bíó Paradís. Mynd: Stilla úr kvikmyndinni.

Á hátíðinni má finna ólík samtöl listamanna, ýmist við umhverfi sitt, sögu eða við aðra listamenn. Samtöl eru í eðli sínu mörkuð af augnablikinu og samhengi þeirra. Meðvitað og ómeðvitað fléttast inn í samtölin sá tíðarandi og ríkjandi hugmyndir í samfélaginu hverju sinni. Þar sem hugmyndir innan samfélaga eru kvikar og breytingum háðar, líkt og samfélögin sjálf, gefst kostur á að lesa í flæði tímans og þróun hinna ýmsu samfélagslegu hugmynda. Að hreyfa við viðteknum hugmyndum samfélagsins gerir okkur kleift að hreyfa við tímanum.



Í Tjarnarbíó verður samfelld 24 tíma vörpun á verkinu *Oysterknife* (2020) eftir kanadíska myndlistarmanninn Miles Greenberg. Mynd: Skjáskot, *Oysterknife*, 2020.

Hátíðin í ár skartar fjölbreyttum hópi listamanna sem eiga það sameiginlegt að vera gjafmildir á tíma sinn, hugmyndir og sköpunarkraft. Þeir eru færir um að drífa áfram verkefni og skapa aðstæður fyrir samtöl og þátttöku. Þannig verða oft til listaverk sem felast í beinum samskiptum listamannsins við tiltekið rými eða umhverfi og þau tengsl við áhorfendur sem verkið skapar. Samtal listamannsins og meðtakandans getur svo orðið að listaverki útaf fyrir sig, í formi sem lifir órátt í huga þess sem meðtekur. Verður þá til listaverk sem miðla mennskunni og hugmyndum um mannlegt ástand og frelsi.

Heiðurslistamaður *Sequences X* – *Kominn tími til* er Elísabet Kristín Jökulsdóttir. Elísabet hefur þá hæfileika að geta spunnið þræði á milli ólíkra listforma og notar rödd sína til þess að segja hlutina hispurslaust, en minnir okkur á tofrana.



Listaverkið *Þetta líður hjá* eftir Elísabetu Kristínu Jökulsdóttur

Elísabet býr yfir tungumáli gyðjunnar og birtist okkur í ólíkum myndum; skapar og eyðir til skiptis, er utan og innan við og leikur sér að því að dansa á línunni þar á milli. Í verkum sínum er Elísabet greinandi á eigið sjálf og þjóðarinnar og tekst á við hið útópíska hlutverk listarinnar sem hreyfandi afli í samfélaginu. Liggur styrkur hennar í því lifandi og margbreytilega sambandi sem hún á við áhorfendur og áheyrendur sína, þar sem hún sjálf er sem almenningslistaverk sem stöðugt hreyfir við hugmyndum samfélagsins og hreyfir þannig við tímanum og tekur þátt í hinni eilífu endurskoðun heimsins.

„Það er yfirleitt ekki tekið fram í sköpunarsögum trúarbragðanna að verið sé að skapa heim í fyrsta sinn. [...] En á meðan annað er ekki tekið fram má hugsa sér að verið sé að skapa heiminn uppá nýtt en ekki nýjan heim. Kannski var heimurinn búinn að skapast og eyðast svo oft að það þótti við hæfi að skrifa það niður, og þá tók því ekki að segja: Í hundraðasta sinn var tóm...“

– Elísabet Kristín Jökulsdóttir

Hryggjarstykki hátíðarinnar verður fjölbreytt, þverfagleg sýningar- og viðburðardagskrá með þáttöku yfir 35 íslenskra og erlendra listamanna með ólíkan bakgrunn; danshöfundar, skáld, tónskáld, hönnuðir og myndlistarmenn. Þá mun hátíðin teygja anga sína víða um borgina og út á land; Marshallhúsið úti á Granda, sem hýsir bæði Nýlistasafnið og Kling & Bang, Open, Flæði, Bíó Paradís, Tjarnarbíó, Post-húsið, ELKO Granda, Hafnarborg, Þjóðskjalasafnið, Kaktus, Skaftfell og Gallerí Úthverfa. Listamenn þeir sem taka þátt í Sequences x eru eftirfarandi:

Andreas Brunner (CH/IS)

Anna Margrét Ólafsdóttir (IS)

Ásta Fanney Sigurðardóttir (IS)

Berglind María Tómasdóttir (IS)

Bergrún Snæbjörnsdóttir (IS)

Björk Guðnadóttir (IS)

Dagur Hjartarson (IS)

Dodda Maggý (IS)

Erik DeLuca (US/IS)

Éliane Radigue (FR)

Freyja Reynisdóttir (IS)

Guðlaug Mía Eypórsdóttir (IS)

Gunnar Jónsson (IS)

Gunnhildur Hauksdóttir (IS)

Helena Jónsdóttir (IS)

Julia Eckhardt (BE)

Lucky 3 – Darren Mark (IS), **Dýrfinna Benita Basalan** (IS) og **Melanie Ubaldo** (IS)

Miles Greenberg (CA)

Nemendur í 6. bekk í Fellaskóla (IS)

Nýlókórinn (IS)

Pétur Magnússon (IS)

Ræktin – Agnes María Ársælsdóttir (IS), **Bára Bjarnadóttir** (IS), **Svanhildur Halla Haraldsdóttir** (IS)

og **Vala Sigbrúður Jónsdóttir** (IS)

Sigtryggur Berg Sigmarsson (IS)

Sigurður Guðmundsson (IS)

Sæmundur Þór Helgason (IS)

RASK Collective – Sóley Sigurjónsdóttir (IS), **Ida Juhl** (IS/DK), **Kateřina Blahutová** (CZ)

Tunglið forlag - Dagur Hjartarson (IS), **Ragnar Helgi Ólafsson** (IS)

Sýningarstjórar **Sequences X** eru Þórunna Björnsdóttir og Þráinn Hjálmarsson.

Fullbúin dagskrá hátíðarinnar verður kynnt á næstu dögum.

Nánari upplýsingar veitir

Helga Björg Kjerúlf
Framkvæmdarstjóri Sequences
helgakjerulf@sequences.is / s. 6933742

Frekari upplýsingar

Sequences X 15.-24. október 2021

Sequences real time art festival verður haldin dagana 15.-24. október 2021 en hátíðin hóf göngu sína árið 2006. Sequences hefur það að markmiði að vera vettvangur fyrir fram- sækna myndlist með sérstaka áherslu á tímatengda miðla. Almennungi gefst tækifæri á að fá innsýn inn í það sem á sér stað í samtímamyndlist á Íslandi hverju sinni auk þess sem lagt er upp úr því að vera í tengslum við alþjóðlega listamenn og flytja spennandi verk til landsins.

Að hátíðinni standa listamannareknu sýningarstaðirnir Kling & Bang og Nýlistasafnið, Kynningarmiðstöð íslenskrar myndlistar ásamt öflugum fagraði sem í sitja listamenn og óháðir aðilar sem eru virkir í listamannareknu senunni í Reykjavík hverju sinni.

Hátíðin nýtur stuðnings Reykjavíkurborgar, Myndlistarsjóðs, Tónlistarsjóðs, Safnasjóðs og Íslandsstofu.

www.sequences.is

Facebook/Instagram: @sequencesartfestival

#SequencesX

The tenth edition of the Sequences art biennale will be titled “*Time Has Come*”


Participating artists announced

Time Has Come is the title for the tenth Sequences art biennale, held between 15-24 October 2021. The title is a reference to the ephemeral social space which the festival makes for itself each time.



The film *Munnhola, obol ombra houp-là (a series of performances)* by artist Ásta Fanney Sigurðardóttir will be premiered on the opening day of the festival in Bíó Paradís. Photo: A still from the film.

This year's festival includes diverse artists' dialogue, with their environment, history or other artists. Dialogue is by nature defined by the moment and context. It consciously and subconsciously includes the zeitgeist and prevailing ideas of the society at any given time. Where ideas within societies are dynamic and subject to change, like societies themselves, we get an opportunity to read the flow of time and the development of various social ideas. By stirring the accepted conventions in a society, we can stir up the time.



A continuous twenty-four-hour screening of Miles Greenberg's performance *Oysterknife* (2020) will be presented at Tjarnarbió, from October 22 - October 23, 2021. Photo: Screenshots of *Oysterknife*, 2020.

This year, the festival boasts a diverse group of artists who are all generous with their time, ideas and creative energy. They are able to drive projects and create a platform for dialogue and participation. This often resolves in artwork that include direct communication between the artist and a certain space or environment, and the connection to the audience created by the work. The dialogue between artist and receiver can then become an artwork in itself, it assumes a form that lives inscrutably in the mind of the receiver. The result is an artwork that communicates humane behaviour and ideas of the human condition and freedom.

The honorary artist of *Sequences X – Time Has Come* is Elísabet Kristín Jökulsdóttir. Elísabet has the ability to weave threads between various forms of art and she uses her artistic voice to tell it like it is but also to remind us of the magic.



The outdoor artwork *Petta líður hjá* by Elísabet Kristín Jökulsdóttir

Elísabet's possesses the language of the goddess and she appears to us in different images, creating and destroying in turn, she on the inside and the outside and dances on the line between. In her work, Elísabet is analytical of her own self and the nation's and she deals with the Utopian role of art as a shifting force in society. Her strength lies in the dynamic and diverse relationship she has with her viewers and listeners, where she herself is like a public work of art, constantly stirring the ideas of the society and thus stirring time and participating in the endless recreation of the world.

"The genesis of various religions do not normally state that a world is being created for the first time. [...] But while nothing else is stated, we can imagine that the world is being recreated instead of created anew. Maybe the world had been created and destroyed so often that it was considered appropriate to write it down, and it wasn't worth their while saying: "For the hundredth time, there was darkness ..." – Elísabet Kristín Jökulsdóttir

The festival's mainstay is a diverse and inter-disciplinary programme of exhibitions and happenings, with over 35 Icelandic and international participants of different backgrounds; choreographers, poets, composers, designers, and artists. The festival also stretches across the city and into the country side; from the Marshall House at Grandi, which houses both The Living Art Museum and Kling & Bang, to Open, Flæði, Bíó Paradís, Tjarnarbíó, Post-húsið, ELKO, Hafnarborg, The National Archive Museum, Kaktus, Skaftfell and Outvert Art Space.

Participating artists for *Sequences x: Time Has Come* are:

Andreas Brunner (CH/IS)
Anna Margrét Ólafsdóttir (IS)
Ásta Fanney Sigurðardóttir (IS)
Berglind María Tómasdóttir (IS)
Bergrún Snæbjörnsdóttir (IS)
Björk Guðnadóttir (IS)
Dagur Hjartarson (IS)
Dodda Maggý (IS)
Erik DeLuca (US/IS)
Éliane Radigue (FR)
Freyja Reynisdóttir (IS)
Guðlaug Mía Eypórsdóttir (IS)
Gunnar Jónsson (IS)
Gunnhildur Hauksdóttir (IS)
Helena Jónsdóttir (IS)
Julia Eckhardt (BE)
Lucky 3 – Darren Mark (IS), Dýrfinna Benita Basalan (IS) og Melanie Ubaldo (IS)
Miles Greenberg (CA)
6th grade students from Fellaskóli (IS)
Nýlókórinn (IS)
Pétur Magnússon (IS)
Ræktin – Agnes María Ársælsdóttir (IS), Bára Bjarnadóttir (IS), Svanhildur Halla Haraldsdóttir (IS) og Vala Sigprúður Jónsdóttir (IS)
Sigtryggur Berg Sigmarsson (IS)
Sigurður Guðmundsson (IS)
Sæmundur Þór Helgason (IS)
RASK Collective – Sóley Sigurjónsdóttir (IS), Ida Juhl (IS/DK), Kateřina Blahutová (CZ)
Tunglið forlag - Dagur Hjartarson (IS), Ragnar Helgi Ólafsson (IS)

The curators of **Sequences X** are **Þóranna Björnsdóttir** and **Þráinn Hjálmarsson**.

A full program will be announced shortly

Sequences x: Time Has Come – 15-24 October 2021

Sequences real time art festival will be held between October 15th and 24th, 2021. The first festival was in 2006. It aims to be a scene for progressive art with a special focus on temporal media. The public is offered an insight into new trends in contemporary Icelandic art and there is also great focus on contact with international artists and the import of exciting new work into the country.

The festival is organised by the artist-run exhibition spaces Kling & Bang and The Living Art Museum, The Icelandic Art Centre, and a council of specialists, manned by artists and independent parties who are active on the artist-run scene in Reykjavík each time.

For press and publicity information about Sequences please contact:

Helga Björg Kjerúlf
Framkvæmdastjóri Sequences
helgakjerulf@sequences.is / s. 6933742